



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Undirbúningur neyslurýmis í varanlegu húsnæði

Forsaga:

Í þeim breytingum sem gerðar voru á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og tóku gildi þann 5. júní 2020 kemur fram að embætti landlæknis geti veitt sveitarfélagi leyfi til að stofna og reka neyslurými þar sem varsla og meðferð ávana- og fíkniefna er heimil. Þó er eingöngu hægt að veita leyfið ef skilyrði reglugerðar um neyslurými nr. 170/2021 eru uppfyllt.

Samningur um rekstur neyslurýmis fyrir skaðaminnkandi þjónustu fyrir einstaklinga með vímuefnavanda er gerður á grundvelli laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar og laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni, sbr. reglugerð nr. 170/2021 um neyslurými. Samningur um rekstur neyslurýmis tekur til þjónustu á vettvangi sem byggir á hugmyndafræði skaðaminnkunar og skal vera sérstaklega sniðin að þörfum jaðarsettra einstaklinga sem nota reglubundið vímuefni í æð.

Velferðarráð samþykkti á fundi sínum 17. mars 2021 að velferðarsviði yrði falið að stofna til viðræðna við Rauða krossinn í Reykjavík um tímabundinn rekstur neyslurýmis í bifreið Rauða krossins og gera samning við Sjúkratryggingar Íslands (Sí) um fjármögnun verkefnisins.

Samningur velferðarsviðs og Sjúkratrygginga Íslands um neyslurými fyrir skaðaminnkandi þjónustu fyrir einstaklinga með vímuefnavanda var undirritaður 10. nóvember 2021 með gildistíma eitt ár frá 3. janúar til 31. desember 2022. Samningurinn var samþykktur á fundi velferðarráðs 17. nóvember 2021.

Þann 21. desember 2021 var undirritaður samningur milli Reykjavíkurborgar og Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu sem fól Rauða krossinum að reka neyslurými í Reykjavík. Velferðarráð samþykkti samninginn 9. mars 2022, eftir að Embætti landlæknis hafði gefið út leyfi fyrir rekstri neyslurýmisins. Neyslurýmið tók til starfa 10. mars 2022 og var rekið í bifreið Rauða krossins en reynslan hefur leitt í ljós að það er ekki hentugt rekstrarform til lengri tíma litið. Gildistími samningsins var eitt ár frá því að tekið var á móti fyrstu notendum, og féll hann því úr gildi 9. mars sl. Rauði krossinn fór fram á að Reykjavíkurborg útvegaði húsnæði fyrir starfsemina þar sem ekki var talið ásættanlegt að halda áfram að bjóða upp á þjónustuna í bíl. Neyslurýmið hefur ekki verið starfrækt frá því gildistíma samningsins lauk þar sem ekki hefur náðst samkomulag milli aðila um áframhaldandi rekstur neyslurýmisins í óbreyttri mynd.

Ókostir færanlegs neyslurýmis:

Í færanlegu neyslurými, í bílnum, var ekki aðstaða til að reykja ópíóða eða kókaín en það er mjög aukin hættu á ofskömmtnun við slíka notkun. Einstaklingar sem eiga það til að reykja Fentanyl plástra þurfa að geta notað í öruggu rými eða neyslurými til að minnka hættu á ofskömmtnun. Þeir sem nota örvandi efni eru að nota oft yfir daginn, vegna eðlis og verkunar efnisins. Talið er mikilvægt að fjölga skaðaminnkandi inngrípum í verkefninu og innleiða



hjúkrunarmóttöku, skimanir fyrir smitsjúkdómum á borð við HIV og lifrabólgu C og skyndi efnagreiningu þegar vitað er að ákveðin hættuleg blanda af efnum er í umferð.

Það kom í ljós við rekstur bílsins að rýmið var of lítið fyrir einstaklinga með fjölþættan vanda og talið er að neyslurýmið þurfi að geta tekið á móti að lágmarki þremur gestum í einu. Biðtíminn fyrir utan bílinn var fyrirstaða fyrir gestina. Þurftu þeir að bíða í 20 – 25 mínútur og jafnvel mun lengur. Konur nýttu ekki færanlega neyslurýmið en það er hópur kvenna sem þarf á þessari þjónustu að halda en eru ekki að sækja þjónustu í Konukot eða Skjólíð. Með staðbundnu neyslurými er hægt að bjóða upp á frekari heilbrigðisþjónustu, meðal annars vegna kvensjúkdóma.

Karlkyns gestir neyðarskýla Reykjavíkurborgar telja sig frekar myndu nota staðbundið neyslurými en bílinn. Gestir sögðu að biðin eftir að komast inn í bílinn væri hár þröskuldur og ef það væri rok þá væri mjög erfitt að nota í bílnum þar sem hann hristist mikið. Gestir neyðarskýla sem þurfa neyslurými eru ekki allir með síma og geta ekki beðið í biðröð eftir að nota. Kom fyrir að gestirnir voru í fráhvörfum fyrir utan bíl í kulda og enduðu á því að velja að nota annars staðar en í bílnum. Gestir voru ánægðir með stuðninginn sem þeir fengu í neyslurýminu, Ylju, eins og að bóka læknatíma og félagslegan stuðning.

Aðstaða fyrir starfsmenn neyðarskýlisins var ekki ásættanleg og var öryggi þeirra ekki tryggt.

Staðan í dag:

Sjúkratryggingar Íslands eru tilbúnar til að gera áframhaldandi samning um rekstur neyslurýmis og Rauði krossinn er tilbúinn til að sjá um rekstur á staðbundnu neyslurými. Gerð hafa verið drög að þríhliða samningi milli SÍ, Reykjavíkurborgar og Rauða krossins (sjá meðfylgjandi samningsdrög, dags. 22. mars 2023). Það fjármagn sem SÍ setja í samninginn er óbreytt frá fyrra ári, 50 milljónir á ári næstu tvö árin og er sá kostnaður eingöngu ætlaður í þjónustuna en ekki í breytingar eða leigu á húsnæði. Reykjavíkurborg er samkvæmt samningi einungis heimilt að semja við RKÍ eða heilbrigðisstofnun, enda hafi sú stofnun lögboðnar tryggingar vegna sjúklingatrygginga og fullnægjandi starfsábyrgðartryggingu.

Starfsmenn Reykjavíkurborgar hafa skoðað húsnæði í eigu borgarinnar og búið er að setja fram teikningar fyrir breytingar á ákveðnu húsnæði fyrir reksturinn en ekki liggja fyrir kostnaðartölur vegna breytinga eða rekstur á húsnæðinu. Auk þess þarf að fá samþykki eigenda hússins fyrir breytti starfsemi ef setja á af stað neyslurými.

Þegar húsnæði liggur fyrir verður unnið verður að því að fá rekstrarleyfi frá Landlækni fyrir neyslurými í hinu varanlega húsnæði.

Samkvæmt heimild í lögum um ávana- og fíkniefni hefur sveitarfélag heimild til að semja við félagasamtök um rekstur neyslurýma, sem og heimild til að semja við heilbrigðisstofnun um reksturinn skv. nýrri reglugerð nr. 170/2021 um neyslurými.

Því var óskað eftir fundi með fulltrúum Landspítalanum (LSH) og heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH) og var fundað föstudaginn 14. apríl sl. Á fundinum var einhugur um mikilvægi þess að vera með nærþjónustu fyrir notendahópinn og að gott væri að hafa heilbrigðisþjónustu á vettvangi í tengslum við neyslurýmið.

Forstöðumaður lyflækninga- og bráðaðþjónustu Landspítalans vildi ræða þessa stöðu með stjórn LSH og framkvæmdastjóri hjúkrunar hjá HH vill skoða aðkomu heilsugæslunnar að verkefninu.

Áætlað er að setja upp annan fund í lok mánaðar.



Þá hefur Rauði krossinn einnig óskað eftir tilboði í gáma til að hýsa verkefnið og óskað eftir því að borgin finni staðsetningu og aðstöðu. Á þessu stigi er þó enn margt óljóst um fjármögnun á gámunum sjálfum og frekari útfærslu á þeirri lausn.

Fylgiskjöl:

Drög að samningi milli Sjúkratrygginga Íslands, Rauða krossins á Íslandi og velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um skaðaminnkandi þjónustu fyrir einstaklinga með vímuefnavanda, dags. 22. mars 2023.

Drög að þarfagreiningu vegna neyslurýmis

Fundargerð umhverfis- og skipulagssviðs, 27. mars 2023